

## Stjórnarfundur 24. apríl 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir og Þórir Örn Grétarsson

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Mótanefnd

Það styttist í Reykjavíkumeistaramót. Mótanefnd óskar eftir að stjórn sjái um verðlaunaafhendingar eins og hefð er fyrir. Stjórnin tekur það að sér og Leifur skipuleggur vaktaplan. Mótanefnd óskar einnig eftir aðgangi að facebook-síðu Fáks svo nefndin geti séð sjálf um að pósta mikilvægum tilkynningum þar inn. Samþykkt samhljóða.

### 3. Harðarreið

Harðarmenn koma riðandi yfir til Fáks á næsta laugardag (28. apríl). Ómar og Þorri leiða reiðina að venju á móti Harðarmönnum og verður lagt af stað frá TM-Reiðhöllinni. Hjörtur eða Leifur mun svo taka á móti Harðarmönnum og bjóða þá velkomna fyrir hönd Fáks.

### 4. Miðbæjarreið

Árleg skrudreið í miðbæ Reykjavíkur verður einnig á næsta laugardag. Auglýsa þarf eftir fólki til að mæta fyrir hönd Fáks. Lagt til að fá Svafar til að mæta fyrir hönd stjórnar og athuga hvort Karen og Sif vilji fara með unglíngana.

### 5. Fáksúlpur

66°N stóð ekki við þann samning sem gerður var um Fáksúlpurnar. Þeir afhentu einungis 80 bláar úlpur og afganginn í svörtum lit, en það var ljóst strax í upphafi samningaviðræðna að Fákur þyrfti amk 150 bláar úlpur. Að sögn forsvarsaðila 66°N eru ekki til fleiri bláar úlpur hjá þeim og því ekki hægt að skipta þeim svörtu út fyrir bláar. Það eru skiptar skoðanir á svarta litnum en stjórn Fáks mun reyna að fá bætur fyrir samningsbrotið.

### 6. Fáksblaðið

Betrumbætt útgáfa Fáksblaðsins er farin í póst og var komin í pósthólfíð hjá flestum Fáksmönnum í morgun.

### 7. Nefnd um Stórsýningu Fáks

Stjórnin hefur ákveðið að stofna 3-4 manna nefnd um Stórsýningu Fáks 2019. Þegar hafa þrjár aðilar boðið sig fram; Karen Woodrow, Fríffí og Sigurbjörn Þórmunds. Nefndin ræður sér sýningastjóra og vinnur með honum.

### 8. Staða reiðhallamála í Almannadal

Hjörtur og Leifur hafa þegar fundað með stjórn Almannadalsfélagsins og formanni Fjárborgarfélagssins. Allir aðilar eru hlynntir því að láta bæta inn á deiliskipulag lóðum undir reiðskemmur á nokkrum stöðum í Almannadalnum. Finnur hjá arkitektarstofunni Landslagi mun ganga frá teikningunum og leggja breytingarnar fyrir Reykjavíkurborg.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

Höfn. JS